



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Til: Allsherjar- og menntamálanefndar

Frá: Skrifstofu réttinda einstaklinga

8. maí 2024

Efni: Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á Íslandi frá einstaklingum sem þegar eru handhafar alþjóðlegrar verndar í öðru ríki, sbr. þingskjal 1084 - 722. mál.

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 2. maí sl. var óskað eftir því að ráðuneytið upplýsti um fjölda verndarmála sl. ár, þ.e. umsókna um alþjóðlega vernd á Íslandi frá einstaklingum sem þegar eru handhafar alþjóðlegrar verndar í öðru ríki.

Líkt og greinir í skýringum við 5. gr. frumvarpsins var hlutfall verndarmála af heildarfjölda umsókna um alþjóðlega vernd um 21% árið 2019, 52% árið 2020 og 23% árið 2021. Þá segir í skýringunum að verndarmálum hafi fækkað hlutfallslega undanfarin tvö ár og að þau hafi verið um 7% árið 2022 og 5% árið 2023 sem megi m.a. rekja til verulegrar fjölgunar umsókna frá ríkisborgurum Úkraínu og Venesúela.

Í meðfylgjandi töflu er umbeðin tölfræði yfir fjölda verndarmála á árunum 2019-2023:

Ár	Umsóknir	Verndarmál	Hlutfall
2019	868	209	24,1%
2020	652	341	52,3%
2021	875	205	23,4%
2022	4.520	302	6,7%
2023	4.156	200	4,8%

Útlendingastofnun yfirför gögnin nýlega sem skýrir muninn á árinu 2019, þ.e. úr 21% (líkt og greinir í frumvarpinu) í 24%.